



Birgðatrygging

Skilmáli nr. EL15

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. EL15.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Birgðatrygging er samsett úr nokkrum valkvæðum verndum en brunatrygging er alltaf innifalin.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

Efnisyfirlit

- I. Almenn ákvæði
- II. Brunatrygging
- III. Vatnstjónstrygging (valkvætt)
- IV. Þjófnaðar- og ránstrygging (valkvætt)
- V. Óveðurstrygging (valkvætt)
- VI. Vélstöðvunartrygging kælikerfa (valkvætt)
- VII. Lekatrygging úr tanki (valkvætt)
- VIII. Sjálfsíkveikjutrygging á heyi og mjöli (valkvætt)

I. Almenn ákvæði

1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggingin tekur til vörubirgða í eigu tryggðs sem tilgreindar eru í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hver er tryggður

- 2.1 Eigandi vörubirgðanna er tryggður.

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

- 4.1 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

5. Háttsemi annarra

- 5.1 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs eða umsjónarmanns tryggðra birgða.

6. Áhættubreyting

- 6.1 Allar breytingar á gerð og notkun þess sem hinar tryggðu birgðir eru geymdar í, s.s. á húseign, tanki, gámi og annarri geymslu, er haft geta í för með sér aukna hættu á tjóni



skal tilkynna VÍS tafarlaust. Sama á við um breytingu á kæli-, frysti- og lagnakerfum. Láti tryggður hjá líða að gefa slíka tilkynningu getur það haft í för með sér að ábyrgð VÍS takmarkist eða falli niður, sbr. 24. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Verð

- 7.1 Í upphafi tryggingartímabils er verð áætlað miðað við hámarks tryggingarfjárhæð. Í lok tryggingartímabilsins er endanlegt verð ákveðið og reiknast það af meðaltryggingarfjárhæð, þ.e. samtals mánaðarlegar tryggingarfjárhæðir deilt með 12. Verði tjón á tryggingartímabilinu reiknast tjónsfjárhæðin inn í tryggingarfjárhæðina út tryggingartímabilið. Reynist endanlegt verð lægra en áætlað verð, endurgreiðir VÍS tryggingartaka mismuninn. Reynist endanlegt verð hærra en upphaflegt áætlað verð endurgreiðir tryggingartaki mismuninn til VÍS.

8. Tryggingarfjárhæð

- 8.1 Hámarks tryggingarfjárhæð nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 8.2 Upphæð tryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna tryggðu hagsmuna.
- 8.3 Tryggður skal í byrjun hvers mánaðar tilkynna verðmæti birgða til VÍS. Hafi tilkynningin ekki borist fyrir mánaðarlok verður gengið út frá hámarks tryggingarfjárhæð samkvæmt 8.1 þann mánuð.
- 8.4 Fari verðmæti birgða fram úr áætlaðri hámarks tryggingarfjárhæð, skal það strax tilkynnt VÍS. VÍS tekur ekki ábyrgð á slíkri hækkun fyrr en tilkynning um hana hefur borist.

9. Ákvörðun bóta

- 9.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 9.2 Vörur, sem tryggingartaki hefur ekki framleitt sjálfur, verðleggjast á innkaupsverði að viðbættum kostnaði miðað við venjulegan innkaupsmáta. Vörur í framleiðslu og fullunnar vörur verðleggjast samkvæmt innkaupsverði á hráefni að viðbættum áföllnum kostnaði. Innkaupsverð og kostnaður miðast við verðlag á tjónsdegi.
- 9.3 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 9.4 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 9.5 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 9.6 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón trygðs.

10. Framsal

- 10.1 Tryggður má ekki án samþykkis VÍS framselja réttindi sín samkvæmt tryggingarsamningnum.

II. Brunatrygging

11. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?
11.1 Eldsvoði, elding og sprenging	a) Tjón af völdum eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus. b) Tjón af völdum eldingar. c) Tjón af völdum sprengingar.	d) Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.
11.2 Sóttfall	a) Tjón af völdum sóttfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki eða eldstæði.	b) Tjón af völdum sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.
11.3 Loftför	a) Tjón af völdum loftfara og hluta sem frá þeim falla.	
11.4 Slökkvi- og björgunaraðgerðir	a) Tjón og kostnað vegna slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfunum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir trygginguna og ráðstafanir tiljast sérstakar og réttlætanagerðir.	



	b) Kostnað vegna nauðsynlegs flutnings á hinum tryggðu birgðum í sambandi við bótaskyld tjón. c) Birgðir sem glatast við slökkvi- og björgunaraðgerðir.	
--	--	--

12. Varúðarreglur

- 12.1 Tryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.
- 12.2 Tryggðum ber að sjá til þess að allur umbúnaður á tryggingarstað sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.

III. Vatnstjónstrygging

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

13. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?
13.1 Vatn	a) Tjón af völdum vatns sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja hússins. b) Tjón af völdum vatns sem flæðir óvænt og skyndilega frá tækjum sem fasttengd eru leiðslum hússins. c) Tjón af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennislíeðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku er tjónsatburðurinn átti sér stað.	d) Tjón af völdum utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennislíeðslum þeirra. e) Tjón af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp eða frárennislíeðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss. f) Tjón af völdum langvarandi raka eða vatnsleka. g) Tjón af völdum byggingarvinnu eða viðhalds, þar með talin vinna við vatnslagnir. h) Tjón af völdum sjávarflóða, flóða frá stöðuvötnum, ám eða lækjum.

14. Varúðarreglur

- 14.1 Tryggður skal sjá til þess að vörubirgðir í kjöllum séu á vörugrind eða palli og að niðurfall sé í geymsluherberginu.
- 14.2 Tryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í úpphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti.
- 14.3 Tryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim.
- 14.4 Tryggður skal sjá til þess að vörubirgðir séu ekki geymdar í opnum húsum, skemnum eða skýlum til að koma í veg fyrir tjón af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku.

IV. Þjófnaðar- og ránstrygging

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

15. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir:

- 15.1 Tjón vegna þjófnaðar og skemmda á hinum tryggðu birgðum við innbrot í húsnæði á tryggingarstað.
- 15.2 Skemmdir sem verða á húseign í eigu tryggðs vegna innbrots þar sem hinar tryggðu birgðir eru, með allt að 10% af tryggingarfjárhæð birgða á viðkomandi tryggingarstað ef bætur eru greiddar samkvæmt gr. 15.1.
- 15.3 Rán þegar tryggðum birgðum er rænt af tryggðum eða starfsmönnum hans á tryggingarstað.
- 15.3.1 Hámarksbætur nema 10% af tryggingarfjárhæð en geta þó aldrei orðið hærri en hámarksbætur sem koma fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 15.3.2 Það telst rán þegar hinir tryggðu munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað, sbr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.



16. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 16.1 Tryggingin bætir ekki tjón á húseigninni sem stafar af eldsvoða enda þótt hann verði í sambandi við innbrot.

17. Varúðarreglur

- 17.1 Tryggður skal sjá til þess að húseign þar sem tryggðar birgðir eru staðsettar sé alltaf læst og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur þegar enginn er í húseigninni.
- 17.2 Tryggður skal ætíð geyma lykla þannig að óviðkomandi geti ekki nálgast þá.

V. Óveðurstrygging

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

18. Hvað bætir tryggingin?

- 18.1 Tryggingin bætir tjón af völdum óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Til óveðurstjóna teljast eingöngu tjón á vörubirgðum innanhúss þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

19. Varúðarregla

- 19.1 Tryggður skal sjá til þess að vörubirgðir séu ekki geymdar í opnum húsum, skemmum eða skýlum til að koma í veg fyrir tjón af völdum óveðurs.

VI. Vélstöðvunartrygging kælikerfis

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

20. Hvað bætir tryggingin?

- 20.1 Tryggingin bætir tjón af völdum óviðráðanlegrar bilunar kælikerfis eða leka frystivökva úr því.

21. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 21.1 Tryggingin bætir ekki tjón á birgðum sem voru gallaðar þegar þeim var komið fyrir í geymslu.

22. Varúðarreglur

- 22.1 Tryggður skal fara eftir fyrirmælum framleiðanda kælikerfisins og hafa reglubundið eftirlit og viðhald á því.
- 22.2 Tryggður skal í þeim tilfellum sem hið tryggða er geymt í frystigámum hafa reglulegt eftirlit með gámnum.
- 22.2.1 Rofar og rafmagnskaplar vegna gámsins skulu vera þannig frágengnir að utanaðkomandi aðilar geti ekki rofið straum að gámnum.
 - 22.2.2 Loftflæði í gámnum skal vera virkt.
 - 22.2.3 Síritaspjald skal vera í gámnum.
 - 22.2.4 Tryggður skal sjá til þess að minnsta kosti tveir hitamælar séu í geymslugámi, einn við hvorn enda gámsins.

VII. Lekatrygging úr tanki

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

23. Hvað bætir tryggingin?

- 23.1 Tryggingin bætir tjón á vörubirgðum sem verður við leka úr tanki. Skyld er að halda skrá yfir birgðir í hverjum tanki og skal skrá breytingar þegar þær verða. Skrár þessar skulu vera til reiðu fyrir VÍS þegar þeirra er óskað.

24. Varúðarregla

- 24.1 Tankar, leiðslur og tilheyrandi búnaður skal ávallt vera í fyllsta samræmi við opinberar öryggisreglur og viðurkenning um það frá opinberum eftirlitsaðilum skal liggja fyrir árlega.



25. Eigin áhætta

25.1 Ef eigin áhætta vegna lekatryggingar er ekki tiltekin í skírteini eða endurnýjunarkvittun er hún 1% í hverju einstöku tjóni.

VIII. Sjálfsíkveikjutrygging á heyi og mjöli

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

26. Hvað bætir tryggingin?

26.1 Tryggingin bætir tjón af völdum ofhitunar (kolunar) í heyi eða mjöli, þótt eldur verði ekki laus.

27. Varúðarregla

27.1 Hafa skal reglulegt eftirlit með hita- og rakastigi í heyi og mjöli. Gæta skal þess að loftun sé næg.

28. Eigin áhætta

28.1 Ef eigin áhætta vegna sjálfsíkveikjutryggingar er ekki tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun er hún 10% í hverju einstöku tjóni.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.